



Matvælaráðuneyti
b.t. Jón Þrándur Stefánsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 25. febrúar 2022
nr. erindis 2202017

Á 408. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 24. febrúar 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Úthlutun byggðakvóta 2021-2022

Lagt fram erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er varðar skiptingu á almennum byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2021/2022. Einnig er lögð fram auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021, leiðbeiningar vegna tillagna sveitarstjórna um sérreglur vegna byggðakvóta ásamt tillögu Stykkishólmsbæjar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022.

Bæjarráð samþykkti, á 636. fundi sínum, framlagða tillögu/ályktun/skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í tengslum við byggðakvóta vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið tímabilið 2021-2022.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn

Afgreiðsla bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

Þetta tilkynnist hér með.

Meðfylgjandi eru samþykkt gögn.

Virðingarfyllst,


Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri.

